

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1597  
komudagur 26.2.2008



## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Skrifstofan Grænási - 235 Keflavíkurflugvöllur - sími: 420 1700- bréfsími: 421 5166 - tölvupóstur: dc@dc.is

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Keflavíkurflugvöllur 29. febrúar 2008  
Tilvísun: 2008020006  
Bréfalykill: 0.1

**Efni: Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum um frumvarp til varnarmálalaga.**

Þingmál 331. Frumvarp til varnarmálalaga.

### 24. gr.


Í stað orðanna “Embætti ríkislögreglustjóra” standi “Lögreglan”. Það er eðlilegt að Varnarmálastofnun geta leitað til þess lögregluembættis sem er næst stofnuninni. Hér er um að ræða einföld hagkvæmissjónarmið, að ekki sé tilgreint nákvæmlega í lögum hvaða lögreglulið sjái um umræddar bakgrunnsskoðanir. Á sínum tíma annaðist Lögreglan á Keflavíkurflugvelli þetta hlutverk fyrir Varnarliðið og eftir sameiningu embættanna á Suðurnesjum verður ekki séð að efnislegar forsendur séu fyrir því að tryggja ekki með hagkvæmum og skilvirkum hætti samstarf Varnarmálastofnunar og lögreglunnar á Suðurnesjum, kjósi Varnarmálastofnun að hafa það lögreglulið sem samstarfsaðila. 1. mgr. 24. gr. hljóðar því svo:

“Varnarmálastofnun ber ábyrgð á útgáfu öryggisvottunar samkvæmt lögum þessum. Lögreglan annast framkvæmd bakgrunnsskoðunar vegna öryggisvottunar, að beiðni Varnarmálastofnunar, og er við vinnsluna m.a. heimilt að afla upplýsinga um viðkomandi úr skráum lögreglu og sakaskrá. Varnarmálastofnun heldur sérstaka skrá yfir aðila sem hljóta öryggisvottun samkvæmt lögum þessum”.

### Athugasemd

Rétt er að vekja athygli á því að engin ákvæði eru í lögnum um hvaða aðili innan íslenska stjórnkerfisins eigi að annast öryggisgæslu á öryggis- og varnarsvæðinu á Suðurnesjum. Gæsla á umræddu svæði sem er viðkvæmt haftasvæði herja Atlandshafsbandalagsins var ávallt í höndum lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Slík gæsla krefst oft á tíðum vopnaburðar. Engin umræða hefur farið fram um að starfsmenn Varnarmálastofnunar annist þessa gæslu, og því hefur lögreglan á Suðurnesjum ekki getað ályktað annað en að verkefnið komi í þess hlut. Embættið

vill því benda á hvort ekki sé rétt að tilgreina í lögunum að umrædd gæsla verði í höndum lögreglunnar til að eyða óvissu varðandi þennan þátt og undirstrika að ekki standi til að vopna aðra öryggisaðila á Íslandi en lögregluna. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að vopnaburður hjá lögreglunni á Íslandi er tvennskonar, annars vegar er um að ræða sérsveit lögreglunnar, sem oft ber vopn við sín skyldustörf og síðan er hluti lögreglunnar á Suðurnesjum sem ber vopn við gæslu viðkvæmra öryggissvæða eins og í Leifsstöð. Þegar vopnaðrar gæslu er krafist eins og staðan er í dag við landingu sérstakra flugvéla annast lögreglan á Suðurnesjum þá gæslu.

  
Jóhann R. Benediktsson  
lögreglustjórinn á Suðurnesjum

